

L Ö G

um laun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum kr. 35 000.00 á mánuði.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra. Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá 1. júlí 1963 fer um laun forseta Íslands eftir ákvæðum þessara laga. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 37 17. júní 1944 og lög nr. 94 15. desember 1952, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 6. marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um þingfararkaup alþingismanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal alþingismanni laun frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur. Árslaunin eru 132 000 kr., og greiðist ½ hluti mánaðarlega.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma, er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismanni eru ákveðin í lögum þessum.